

Eyjafjarðarsveit  
Skólatröð 9  
605 Akureyri

Garðabær, 6. ágúst 2025  
202506-0150/A.B.  
08.04

## Efni: Ósk um umsögn - framkvæmdaleyfisumsókn í vatni/lóni við Skógarböð Eyjafjarðarsveit.

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Eyjafjarðarsveitar sem barst 26. júní sl. vegna umsóknar N10b ehf. um framkvæmdaleyfi til að hækka vatnsyfirborð í svonefndu Varðgjárlóni, ónefndu vatni milli Eyjafjarðarbrautar vestri og bílastæðis Skógarbaðanna við Þjóðveg 1.

Framkvæmdin felur í sér að setja þrep í ræsi við Þjóðveg 1, sem leiðir til allt að 15 cm hækkunar á vatnsyfirborði í lóninu á fjöru.

### Tjörn

Náttúruverndarstofnun bendir á að tjörninn nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, eins og kemur fram í erindinu.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um gróðurfar, fuglalíf eða vistgerðir á svæðinu í erindi eða fylgigögnum. Þó er ljóst að framkvæmdin felur ekki í sér umfangsmikla röskun lands eða gróðurs heldur breytingu á vatnsyfirborði. Náttúruverndarstofnun bendir á að hafa samband við Náttúrufræðisstofnun varðandi verndargildi tjarnarinnar og/eða horfa til eldri umsagnar stofnunnarinnar varðandi skipulagsáætlanir á svæðinu (landfylling/Skógarböðin)

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúruyfyrirbærin við gerð framkvæmdarleyfisins og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúruyfyrirbærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og

hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Hákon Ásgeirsson

**sviðsstjóri**